Jeg undir ritaður Jón Jónsson bóndi á Holti í Stokkseyrarhrepp leifi mér hér með Lotningarfylst að sækja um lán úr Rektunar sjóði Íslands til jarðabóta á eignar og ábúðar jörðminni gegn ábyrgð hrepps félags Stokkseyrarhrepps. jarðabót sú er ég hefi í higgju að gjöra er sem hér segir:

1 að Slétta 4 Vallar dagsláttur úr Heiðar móa sem gjöris samkvæmt Búnaðar félags reglum 300 dagsv. á 2 Kr. - - - - - - - - - Kr. 600
2 100 faðma laung girðing þar við úr járn Vír - Kr. 40
3 að grafa 200 faðma lángann Skurð. 6 fet á breidd og 2 fet á dipt 40 dagsv. -o- 80
(Varnar skurð)

Sam tals Kr. 720

Til stuðnings þessari um sókn minni skal ég gétaþess að ég hefi á eignar og ábúðar jörð minni bigt Vandað Íbúðar Hús úr timbri ~~á eignar og ábúðar jörð minni~~ 12 ál á leingd og 11 ál á br. alt járn Varið og 2 Hei hlöður er taka um 800 Hest af Heyi og Fjós með jarnþaki sem tekur 15 Nautgripi og Sléttað í Túni 8950 ff faðma og grafið 950 faðma lángt Skurði til Varnar og á Veitu.
Með til liti til þess sem ég hefi gjört og þess sem ég ætla að gjöra Vona ég að hið hátt virta Stjórnar ráð Íslands Veiti mér alt að 400 Kr. lán úr áður nefndum Sjóði uppá áður nefnda ábyrgð og fylgir hér með á ritað Vottorð hrepps nefndar innar í Stokkseyrarhrepp um að jarðabót sú er ég hefi í higgu að gjöra sé nuðtýnleg og eins að ~~framburðar~~ jarðabætur þær

sem ég hefi áður gjört séu rétt maldar og
Vel gjörðar og sömu leidis fylgir hés með
ábirgðar skjal thre fyrir láni þessu undir ritað
af hrepps nefn Stokkseyrar hrepps í Vedurvirk
hrepp stjóra

Fyrir hönd hrepps félags og hrepps sjóðs Stokks eyrar-
hrepps leifir hrepps nefndinn sér með skjali -
þessu að á birgast lán það að upphæð 400 Kr. er
Jón Jónsson bóndi og hrepps nefndas Oddviti í Holti
hefur í higgju að fá í Rækkunar sjóði Íslands
og nær á birgð þessi eins til Vaxta og af borgunar
þar til lán þettað er: að fullu borgað
þessu til stað festu eru okkar eiginn handar
undir ritud nöfn í Viður Vist hreppstjóra